

Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing

Árshlutareikningur 30. júní 2021

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. lögum 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjóðurinn er lokaður og eingöngu markaðssettur fagfjárfestum. Rekstur sjóðsins er í höndum Kvikú eignastýringar hf.

Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á tímabilinu.

Árshlutareikningur sjóðsins er hluti af B-hluta árshlutareiknings Kvikú eignastýringar hf. sem inniheldur árshlutareikninga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og annarra sérhæfðra hlutdeildarsjóða, vísað er í þann reikning varðandi ýmsa upplýsingagjöf stjórnar. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Tap varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní að fjárhæð 6,1 m.kr. Hrein eign hlutdeildarskírteinishafa nam 195,4 m.kr. þann 30. júní 2021.

Horfur í starfsumhverfi

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa skapast í efnahagslífinu vegna COVID-19 veirunnar. Faraldurinn hefur áhrif á ávöxtun um allan heim. Stjórn og stjórnendur sjóðsins fylgdust vel með þróun COVID-19 og ráðstöfunum stjórnvalda í þeim efnunum og var ávallt gætt að því að hafa hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Ekki hefur þurft að bregðast við með neinum hætti gagnvart mótaðilum sjóðsins og er ekki búst við því að þess þurfi. Áhrif faraldursins eru þó óveruleg í heildina á litið og hafa ekki haft áhrif á rekstrargrundvöll eða áframhaldandi rekstrarhæfi sjóðsins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2021, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans miðað við 30. júní 2021 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2021.

Stjórn Kvikú eignastýringar hf. og framkvæmdastjóri félagsins hafa í dag rætt árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. ágúst 2021.

Hrönn Sveinsdóttir, stjórnarformaður
Óttar Már Ingvarsson, varaformaður
Andri Vilhjálmur Sigurðsson, stjórnarmaður

Hannes Frímann Hrólffsson, framkvæmdastjóri

Árshlutareikningur Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskrteina Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Veðskuldabréfasjóðs Virðingar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um breytingu á hreinni eign, efnahagsreikning, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2021 og breytingu á hreinni eign sjóðsins á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir árshlutareikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogur, 25. ágúst 2021.

Deloitte ehf.

Pálína Árnadóttir
Endurskoðandi

Guðmundur Ingólfsson
Endurskoðandi

Árshlutareikningur Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 er rafrænt undirritaður af endurskoðendum.

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 1. janúar til 30. júní 2021

	Skýr.	6m 2021	6m 2020
Vaxtatekjur	6	62.177	85.083
Vaxtagjöld	6	(146.129)	(131.898)
Verðbætur		74.673	67.533
Gengismunur	8	12.434	4.678
Hreinar fjármunatekjur		3.156	25.395
Umsýsluþóknun	19	(3.230)	(3.513)
Viðskiptaþóknanir		(425)	0
Annar rekstrarkostnaður		(5.648)	(7.338)
Rekstrargjöld alls		(9.304)	(10.851)
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		(6.148)	14.544

Yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins

Hrein eign í byrjun árs	201.507	180.068
Fjármögnunarhreyfingar		
Seld hlutdeildarskírteini	0	0
Innleyst hlutdeildarskírteini	0	0
Hækkun á fjármögnunarhreyfingum	0	0
Hrein eign í lok tímabilsins	195.359	194.612

Efnahagsreikningur 30. júní 2021

	Skýr.	30.6.2021	31.12.2020
Eignir			
Skuldabréf	8	2.649.067	3.348.651
Hlutdeildarskírteini	8	396.689	594.886
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	11	93.049	223.077
Fjárfestingar samtals	15	3.138.805	4.166.613
Innleystar eignir		137.939	137.939
Aðrar eignir samtals		137.939	137.939
Eignir samtals		3.276.745	4.304.552
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		514	635
Skuldabréfaútgáfa	16	3.080.872	4.102.411
Skuldir samtals		3.081.386	4.103.046
Hlutdeildarskírteini		195.359	201.507
Skuldir og hlutdeildarskírteini samtals		3.276.745	4.304.552
Fjöldi eininga		600	600
Gengi sjóðsbréfa		3,54	3,37

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Grundvöllur reikningskilanna

Árshlutareikningur Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Sjóðurinn er eingöngu markaðssettur til fagfjárfesta.

Kvika eignastýring hf. er dótturfélag Kviku banka hf. og hluti af samstæðureikningi félagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Sjóðurinn er í umsjá Kviku eignastýringar hf. og er ekki hluti af samstæðureikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

Þar sem það á við, þá hefur framsetningu á samanburðarfjárhæðum verið breytt bæði í rekstrarreikningi og efnahagsreikningi til þess að gæta samræmis við framsetningu í árshlutareikningi sjóðsins. Er þetta talið gefa betri mynd og auðvelda samanburð á milli tímabila. Í heild hefur þetta engin áhrif á afkomu, heildareignir eða eigið fé á samanburðartímabili.

2. Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

3. Breytingar á starfsemi sjóðsins

Á tímabilinu var fjárfestingastefnum sjóðsins ekki breytt né fjárfestingaheimildum hans.

4. Rekstur og starfsemi

Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum sem tryggð eru með veði í atvinnuhúsnæði auk innlána fjármálafyrirtækja og reiðufé.

Afkoma sjóðsins á tímabilinu var neikvæð um 6.148 þ.kr. Hrein eign í lok júní var 195.359 þ.kr. Gengi sjóðsins í lok júní var 3,54.

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

5. Matsaðferðir

Gerð árs hlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingu á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

6. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við aðferð virkra vaxta.

7. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum myntum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi þann 30. júní 2021. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags.

8. Verðbréf

a. Bókfært virði

Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru færð á markaðsverði í lok júní 2021. Óskráð skuldabréf eru færð með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau eru keypt á eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfsemi.

Hlutabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru færð á markaðsverði í lok júní 2021. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra. Hlutdeildarskírteini í sjóðum eru færð á markaðsverði í lok júní 2021.

b. Gengismunur

Gengismunur vegna breytinga á matsverði verðbréfa er færður í rekstrarreikning.

9. Útlán

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á uppgjörstegi.

10. Afleiður

Afleiður eru fjármálasamningar, þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sjóðanna. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna, sem þeim tengjast eða áhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Afleiður eru upphaflega færðar á gangvirði á þeim degi sem afleiðusamningur er gerður og eftir það á gangvirði hverju sinni. Gangvirði miðast við markaðsverð á virkum mörkuðum og tekur tillit til nýlegra markaðsviðskipta og viðurkenndra matsaðferða, sem meðal annars eru afvöxtuð sjóðsflæðislíkön og virðislíkön valréttarsamninga, eftir því sem við á.

11. Innlán hjá fjármálafyrirtækjum

Innlán hjá lánastofnunum innihalda bankainnstæður hjá lánastofnunum með áföllnum vöxtum.

12. Skuldabréfaútgáfa

Langtímaskuldir eru metnar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til lækkunar langtímaskulda í árs hlutareikningi og er innleystur í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

13. Aðrar eignir og skuldir

Aðrar eignir og skuldir eru vegna óuppperðra viðskipta í lok júní 2021.

Skýringar

Fjárfestingar

14. Fjárfestingastefna og hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing	Fjárfestingar			Fjárfestingastefna	
	30.6.2021	31.12.2020	Breyting	Lágmark	Hámark
Skuldabréf sem tryggð eru með veði í atvinnu- og íbúðahúsnæði	84,4%	80,4%	4,0%	0,0%	100,0%
Hlutdeildarskírteini í lausafjár sjóðum	12,6%	14,3%	-1,6%	0,0%	100,0%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	3,0%	5,4%	-2,4%	0,0%	100,0%
Samtals	100,0%	100,0%			

15. Sundurliðun fjárfestinga

Fjárfestingar þann 30. júní 2021 skiptast sem hér segir:

	Útg. af eða með ábyrgð ríkis eða svf.	Hlutdeildarskírteini	Hlutabréf	Annað	Samtals
Hlutdeildarskírteini		396.689			396.689
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	93.049				93.049
Aðrir fjármálagerningar				2.649.067	2.649.067
Samtals	93.049	396.689	0	2.649.067	3.138.805
Hlutdeildarskírteini		12,6%			12,6%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	3,0%				3,0%
Aðrir fjármálagerningar				84,4%	84,4%
Samtals	3,0%	12,6%	0,0%	84,4%	100,0%

16. Skuldabréfaútgáfa

Sjóðurinn hefur gefið út skuldabréfaflokk sem skráður er í Kauphöll Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. Flokkurinn hefur auðkennið VEDS1 14 01 og er verðtryggt vaxtagreiðslubréf með 3,50% föstum ársvöxtum. Lokagjalddagi er 15. maí 2064 en greitt var inn á höfuðstól skuldabréfaútgáfunnar á tímabilinu að fjárhæð 1.100 m.kr.

Hlutdeildarskírteini

17. Ávöxtun

	30.6.2021	31.12.2020	31.12.2019
Nafnávöxtun	5,04%	10,00%	4,88%
Raunávöxtun	2,51%	6,33%	3,17%

18. Hrein eign og gengi

	30.6.2021	31.12.2020	31.12.2019
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina	195.359	201.507	180.068
Gengi hlutdeildarskírteina	3,54	3,37	3,07

Ýmislegt

19. Þóknarir

Sjóðurinn greiðir Kvik eignastýringu hf. umsýsluþóknun sem reiknast sem fast hlutfall af heildareignum.

	Umsýsluþóknun
Þóknarir	0,18%

20. Laun

Sjá skýringu 16 í árshlutareikningi Kvik eignastýringar hf. 30. júní 2021.

Undirritunarsíða

Óttar Már Ingvason

Andri Vilhjálmur Sigurðsson

Hannes Frímann Hrólfsson

Guðmundur Ingólfsson

Pálína Árnadóttir

Hrönn Sveinsdóttir